

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. janúar 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-28/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Þann 1. apríl 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna viðgerðar á bifreið í hans eigu hjá fyrirtækinu Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur seljanda hafa valdið skemmdum á bifreiðinni og krefst þess að seljandi greiði fyrir viðgerð vegna skemmdanna.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 2. maí 2019, bárust andsvör seljanda við álitsbeiðninni til nefndarinnar. Álitsbeiðanda voru send andsvörin þann 3. maí 2019 og honum gefinn kostur á að koma athugasemdum á framfæri vegna þeirra. Hann nýtti sér ekki þá heimild og nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 16. janúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa óskað eftir þjónustu seljanda þann 27. mars 2019 sem fólst í viðgerð á bifreiðinni XX-000, af gerðinni Volkswagen Golf. Að sögn álitsbeiðanda átti að skipta um ballansstangarenda og greiddi álitsbeiðandi 19.840 krónur fyrir viðgerðina. Þegar álitsbeiðandi ætlaði að keyra bifreiðinni heim segir hann að upp hafi komið aðvörunarljós vegna „inoperative power steering“ og lét álitsbeiðandi seljanda í kjölfarið skoða bifreiðina. Þegar viðgerð var hafin segir álitsbeiðandi að starfsmaður seljanda hafi sagt honum að nauðsynlega þurfi að skipta um skynjara í stýrismaskínu og stýrisenda hægra megin í bifreiðinni. Ætlaði starfsmaður verkstæðisins að nota varahluti sem til voru á verkstæðinu og var álitsbeiðanda að hans sögn ekki sagt að hann yrði að greiða aukalega fyrir þessa vinnu. Álitsbeiðandi skildi bifreiðina eftir til viðgerðar og átti að sækja hana þegar viðgerð væri lokið.

Þann 31. mars sótti álitsbeiðandi bifreiðina og gerði seljandi kröfu um að fá greitt fyrir viðgerðina alls 40.000 krónur. Seljandi sagði við álitsbeiðanda að bilunin hefði fyrir tilviljun komið í ljós á verkstæðinu og seljandi hafi ekki orsakað hana. Álitsbeiðandi kveðst hafa neitað að greiða fyrir viðgerðina þar sem hann taldi að seljandi hafi valdið þeim skemmdum sem verið var að bæta úr. Að sögn álitsbeiðanda varð starfsmaður verkstæðisins reiður og réðist á álitsbeiðanda svo álitsbeiðandi hringdi á lögregluna sem mætti á staðinn og tók skýrslu.

Álitsbeiðandi segir að stýrismaskína bifreiðarinnar sé nú ónýtt og bifreiðin sé því í verra ástandi en þegar hún fór í viðgerð. Álitsbeiðandi telur sér ekki skylt að greiða fyrir seinni viðgerðina og telur að seljanda beri að gera við bifreiðina á eigin kostnað.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum greinir seljandi nánar frá atvikum málsins. Að sögn seljanda kom álitsbeiðandi upphaflega með bifreiðina í bilanagreiningu hjá seljanda þann 27. mars 2019. Niðurstaða bilanagreiningarinnar var sú að skynjari í stýrismaskínu, stýrisendi hægra megin og ballansstangarefni að framan voru biluð eða ónýt í bifreiðinni. Sama dag var gert við stýrisenda og ballansstangarenda í bifreiðinni með varahlutum sem keyptir voru í AB varahlutum. Var álitsbeiðandi krafinn um greiðslu að fjárhæð 19.840 krónur fyrir viðgerðina. Seljandi segir að ekki hafi verið skipt um stýrismaskínu á þeim tíma þar sem hún kosti um 250.000 til 300.000 krónur hér á landi. Að sögn seljanda tóku álitsbeiðandi og starfsmaður verkstæðisins ákvörðun um að komast yfir notaða stýrismaskínu í Póllandi og setja hana í bifeið álitsbeiðanda. Þann 29. mars 2019 kom álitsbeiðandi aftur með bifreiðina til seljanda í viðgerð og skildi hana eftir þar sem skipta átti um stýrismaskínu yfir helgi.

Seljandi tilkynnti álitsbeiðanda að viðgerð væri lokið 31. mars 2019 og var álitsbeiðanda bent á að hann gæti sótt bifreiðina. Við afhendingu á bifreiðinni var álitsbeiðandi krafinn um greiðslu fyrir viðgerðina sem var alls að fjárhæð 40.000 krónur. Í því fólst greiðsla að fjárhæð 20.000 krónur fyrir stýrismaskínuna og 20.000 krónur fyrir vinnuna. Álitsbeiðandi neitaði að greiða fyrir vinnuna að sögn seljanda, sagði álitsbeiðandi viðgerðarkostnaðinn of háan og reyndi að aka bifreiðinni á brott án þess að greiða fyrir viðgerðina að sögn seljanda. Seljandi segir að álitsbeiðanda hafi verið tilkynnt að ef hann ætli ekki að greiða verði að taka stýrismaskínuna úr bifreiðinni aftur þar sem seljandi væri eigandi varahlutarins.

Álitsbeiðandi var reiður og ósáttur og var honum því að sögn seljanda bent á að hringja á lögregluna og óska eftir því að tekin verði skýrsla í málinu. Lögreglan mætti á staðinn og tilkynnti álitsbeiðanda að starfsmaður seljanda væri knúinn til að fjarlægja stýrismaskínuna þar sem álitsbeiðandi ætli ekki að greiða fyrir viðgerðina. Var seljandi beðinn um að ljúka við að fjarlægja stýrismaskínuna og leggja bifreiðinni fyrir utan svo álitsbeiðandi gæti sótt hana þegar viðgerð væri lokið. Seljandi varð við þeim tilmælum lögreglu og tilkynnti lögreglu og álitsbeiðanda þegar viðgerð var lokið.

Seljandi bendir á að í raun skuldi álitsbeiðandi seljanda fyrir þá vinnu sem fólst í að taka bilaða stýrismaskínu úr bifreiðinni, setja nýja í, taka nýju stýrismaskínuna aftur úr og setja biluðu stýrismaskínuna í að nýju. Álitsbeiðandi var hins vegar ekki krafinn um greiðslu fyrir vinnuna en var beðinn um að beina viðskiptum sínum annað í framtíðinni.

V

Niðurstaða kærunevndarinnar

Kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunevnd lausafjár- og þjónustukaupa. Viðskipti aðila falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og að framan er rakið óskaði álitsbeiðandi eftir þjónustu seljanda vegna viðgerðar á bifreið í hans eigu þann 27. mars 2019. Aðilar málsins hafa lýst málsatvikum með ólíkum hætti að ýmsu leyti en þó liggur fyrir að álitsbeiðandi greiddi 19.840 krónur fyrir viðgerð sem framkvæmd var á bifreiðinni þann dag. Að sögn álitsbeiðanda átti seljandi upphaflega aðeins að skipta um ballansstangarenda en þegar viðgerðinni var lokið komu í ljós frekari bilanir í bifreiðinni sem einnig varð að lagfæra. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi valdið því að ráðast varð í frekari viðgerðir á bifreiðinni við að skipta um stýrismaskínu og stýrisenda. Að sögn seljanda kom hins vegar í ljós í bilanagreiningu 27. mars 2019 að skipta yrði um ballansstangarenda, stýrisenda og stýrismaskínu í bifreiðinni. Ákveðið var að skipta um biluðu íhluti bifreiðarinnar þann dag að undanskildri stýrismaskínu. Útvega átti stýrismaskínu

frá Póllandi á lægra verði en hér á landi og setja hana í bifreiðina. Stýrismaskína var svo sett í bifreiðina og var viðgerð lokið 31. mars 2019 að sögn seljanda. Fyrir liggur að álitsbeiðandi hafnaði því að greiða frekari viðgerðarkostnað að fjárhæð 40.000 krónur og var nýja stýrismaskínan að endingu fjarlægð úr bifreiðinni. Álitsbeiðandi fékk bifreiðina því afhenta eftir að bilaða stýrismaskínan hafði verið sett í bifreiðina að nýju. Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að gera við bifreiðina á eigin kostnað þar sem hann telur seljanda hafa valdið tjóni á bifreiðinni.

Kærufndin álitur að 25. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) eigi við í málinu en ákvæðið mælir fyrir um skaðabótaskyldu seljanda ef tjón verður á eignum neytanda við vinnu eða í tengslum við þjónustu. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Verði tjón á eignum neytanda þegar verk er unnið eða í tengslum við það eða hlutur sem afhentur hefur verið seljanda þjónustu glatast eða skemmist ber seljanda að bæta það tjón nema hann sanni að hann hafi ekki sýnt af sér vanrækslu.“

Fyrir liggur að skipta þarf um stýrismaskínu í bifreið álitsbeiðanda en ágreiningur er um orsök bilunarinnar. Til þess að geta krafist skaðabóta vegna eignatjóns af völdum seljanda þarf að liggja fyrir að tjón hafi orðið við þjónustu eða í tengslum við hana, svo sem áskilið er í fyrrgreindu ákvæði. Hvílir sönnunarbyrðin um þetta efni á álitsbeiðanda, en samkvæmt ákvæðinu þarf álitsbeiðandi að sýna fram á að seljandi hafi valdið hinu umþætta tjóni við framkvæmd viðgerðarinnar eða í tengslum við hana.

Í málinu liggja ekki fyrir gögn sem sýna fram á eða benda til þess að seljandi hafi valdið tjóni á bifreiðinni sem varð til þess að skipta þarf um stýrismaskínu. Hafa engar upplýsingar komið fram við meðferð málsins sem varpa ljósi á það hvernig seljandi gæti hafa valdið slíku tjóni við að skipta um ballansstangarenda í bifreiðinni.

Að mati nefndarinnar er ekki unnt að fullyrða um orsök bilunarinnar út frá fyrirliggjandi gögnum í málinu. Samkvæmt framangreindu hefur álitsbeiðandi að áliti nefndarinnar ekki sýnt fram á að seljandi hafi valdið tjóni á eignum hans við framkvæmd þjónustunnar. Verður því að hafna kröfu álitsbeiðanda.

VI Álitsorð

Kröfu álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson